

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald á Austur-Héraði.

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa á Austur-Héraði, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari:

- A. Gatnagerðargjald.
- B. Stofngjald vatnsveitu.
- C. Holræsagjald.
- D. Byggingarleyfisgjald.

Öll framangreind gjöld eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjur og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skv. 1. gr. skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skv. 1. gr. skal varið til lagningar og viðhalds holræsa (fráveitna).

Tekjur sveitarfélagsins vegna byggingarleyfisgjalds skv. 1. gr. skulu standa undir þeim kostnaði sem tilgreindur er í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá eftirfarandi forsendum:

- 3.a: Einbýlishúsalóðir: Kr. 1.300 pr. m² lóðar og 1.300 pr. m² brúttó gólfplatarmáls húss.
- 3.b: Parhúsa- og raðhúsalóðir: Kr. 1.200 pr. m² lóðar og 1.200 pr. m² brúttó gólfplatarmáls húss.
- 3.c: Fjölbýlishúsalóðir: Kr. 1.000 pr. m² lóðar og 1.000 pr. m² brúttó gólfplatarmáls húss.
- 3.d: Atvinnu- og iðnaðarhúsalóðir: Kr. 1.100 pr. m² lóðar.
- 3.e: Verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðir og aðrar, sem ekki eru sérstaklega taldar annars staðar: Kr. 1.500 pr. m² lóðar og kr. 1.500 pr. m² brúttó gólfplatarmáls húss.
- 3.f: Hestúsalóðir: Kr. 500 pr. m² lóðar.

Liggi ekki fyrir teikningar að byggingu þegar sótt er um lóð samkv. 3.a, 3.b, 3.c eða 3.e hér að framan, skal reikna út gatnagerðargjald samkvæmt hámarksnýtingarhlutfalli lóðar skv. viðkomandi deiliskipulagsskilmálum. Þegar byggingarleyfi er gefið út skal útreikningur leiðréttur í samræmi við endanlegt brúttó gólfplatarmál.

Þegar gefin eru út byggingarleyfi vegna viðbygginga eða breytinga á mannvirkjum á íbúðarhúsalóðum, skal umsækjandi greiða gatnagerðargjald samkvæmt 3.a, 3.b, eða 3.c, eftir því sem við á, en þó einungis á grundvelli gólfplatarmálshluta gatnagerðargjaldsins.

4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

1. Við úthlutun lóða í eigu sveitarfélagsins 20% gatnagerðargjalds.
2. Við útgáfu byggingarleyfis
 - 2.1. Á lóðum í eigu sveitarfélagsins 30% gatnagerðargjalds.
 - 2.2. Á lóðum í eigu annarra 50% gatnagerðargjalds.
3. Við útgáfu fokheldisvottorðs 20% gatnagerðargjalds.
4. Innan eins árs frá útgáfu fokheldisvottorðs 30% gatnagerðargjalds.

Fyrstu greiðslu gatnagerðargjalda skv. 1. tl. og tl. 2.2. hér að framan, skal inna af hendi innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun eða útgáfu byggingarleyfis og öðlast lóðarúthlutun eða byggingarleyfi ekki gildi fyrr en á greiðsludegi.

Bæjarstjórn getur frestað innheimtu 4. greiðslu gatnagerðargjalds um eitt ár í senn, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi byggingu verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fokhelt.

5. gr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m² eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

Tegund byggingar	Grunngjald	m ³ -gjald	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli	20.000	150	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 45.000</i>
B Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum utan þéttbýlis	20.000	100	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 45.000</i>
C Iðnaðarhúsnæði	40.000	80	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 65.000</i>
D Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.þ.h.	60.000	150	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 120.000</i>
E Sérhæfðar byggingar fyrir opinberar stofnanir, félagsheimili, samkomuhús o.þ.h.	60.000	150	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 120.000</i>
F Frístundahús	5.000	150	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 30.000</i>
G Útihús á lögbylum	5.000	80	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 15.000</i>
H Stækkun húsnæðis, viðbyggingar, bílskúrar o.þ.h. 60 m ² eða minni	20.000	150	<i>m³-gjald þó ekki lægra en 15.000</i>
I Niðurrif húsa	5.000	0	
J Endurnýjun eldra byggingarleyfis, óbreytt	5.000	0	

Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna byggingarerinda eru sem hér segir:

Tegund þjónustu:	Gjald, kr.	Athugasemdir
1 Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o. þ.h.	4.500	
2 Lóðarúthlutunargjald	15.000	<i>Óendurkræft, þó lóðarúthlutun gangi til baka</i>
3 Fokheldisvottorð	6.000	

Tegund þjónustu:	Gjald, kr.	Athugasemdir
4 Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10.000	
5 Lokavottorð	10.000	
6 Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	4.000	
7 Vottorð vegna vínveitingaleyfa	10.000	
8 Endurskoðun aðaluppdráttá	6.000	
9 Gerð stofnskjala vegna lóða *	3.000	<i>Þegar hús er fókelt</i>
10 Aukaúttekt byggingarfulltrúa	10.000	

* Þinglýsingarkostnaður vegna lóðarleigusamninga og stofnskjala bætist við lið 9.

6. gr.

Stofngjald fráveitu (holræsa) skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitu í eigu Austur-Héraðs. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar	Grunngjald	m³-gjald	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 400
B Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	40.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 1.000

7. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitu í eigu Austur-Héraðs: Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar	Grunngjald	m³-gjald	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 400
B Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	40.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 1.000

8. gr.

Einingarverð samkvæmt samþykkt þessari eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í janúar 2002 (265,7 stig) og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

Öll gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðs-rétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996. Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum m.v. vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalaust.

Stofngjöld vatnsveitu og fráveitu skulu endurgreidd með sama hætti og gatnagerðargjald.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds og tengigjalds vatnsveitu og fráveitu er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknarkostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt graftrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu. Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðarhafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunar-kostnaður vegna byggingar og rannsóknarkostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Austur-Hérað skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en 3. gr. mælir fyrir um, vegna sérstakra aðstæðna sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

10. gr.

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Stofngjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Holræsagjald byggir á ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 26. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi tekur gildi frá og með 1. febrúar 2003, og falla þá úr gildi eldri samþykktir um sama efni.

Hafi hluti gatnagerðargjalds af íbúðarlóð á Egilsstöðum verið greiddur fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skal miða útreikning heildargatnagerðargjalds af viðkomandi lóð, svo og gjalddaga, við ákvæði auglýsingar um gatnagerðargjöld á Egilsstöðum, sem samþykkt var af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar 19. júní 1997.

Samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs 13. janúar 2003.

Austur-Héraði, 13. janúar 2003.

Þórhallur Pálsson, forstöðumaður umhverfissviðs.